

Apríl 2026



Réttur til öryggis

Landsáætlun gegn kynbundnu
ofbeldi gagnvart konum 2026-2030

Stjórnarráð Íslands
Dómsmálaráðuneytið

Réttur til öryggis – Landsáætlun gegn kynbundnu ofbeldi gagnvart konum 2026-2030

©2026 Dómsmálaráðuneytið

ISBN 978-9935-496-12-6

Dómsmálaráðuneytið

Skúlagötu 4 – 101 Reykjavík

545 9000 – dmr@dmr.is

Apríl 2026

stjornarradid.is

Útdráttur

Hér er í fyrsta sinn sett fram landsáætlun um hvernig Ísland, sem hefur fullgilt samning Evrópuráðsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi gegn konum og heimilisofbeldi (Istanbúlsamningurinn), hyggst koma ákvæðum samningsins í framkvæmd.

Í fyrstu stöðuskýrslu eftirlitsnefndar Evrópuráðsins um aðgerðir gegn ofbeldi gegn konum og heimilisofbeldi (GREVIO) til Íslands, frá nóvember 2022, hrósaði nefndin Íslenskum stjórnvöldum fyrir þær framfarir sem hafa átt sér stað innan málaflokka heimilisofbeldis, kynferðislegs ofbeldis og kynferðislegrar áreitni en benti á að þrátt fyrir að mikilvæg skref hefðu verið stigin í baráttunni gegn kynbundnu ofbeldi gegn konum væri enn margt óunnið.

Áætlun þessi er sett fram með það að markmiði að vinna með heildstæðum hætti að aðgerðum við kynbundnu ofbeldi gegn konum á Íslandi og samanstendur af 25 aðgerðum. Landsáætlunin tekur mið af markmiðum Istanbúlsamningsins og tilmælum úr skýrslu GREVIO frá árinu 2022. Jafnframt leysir landsáætlunin af hólmi aðgerðaáætlun um meðferð kynferðisbrota og tekur mið af gildandi áætlun fyrir árin 2023-2025, enda rúmast aðgerðir hvað varðar meðferð kynferðisbrota innan landsáætlunar um aðgerðir við kynbundnu ofbeldi gegn konum. Með því að sameina aðgerðaáætlun um meðferð kynferðisbrota við landsáætlun um aðgerðir við kynbundnu ofbeldi gegn konum fæst skýrari yfirsýn yfir aðgerðir, úrræði og þjónustu, bætt samræming gagnaöflunar og tölfræðiupplýsinga, samhæfing og samfelldara verklag þvert á kerfi, bætt eftirfylgni og betri nýting fjármuna.

Inngangur

Aðgerðir stjórnvalda gegn kynbundnu ofbeldi

Kynbundið ofbeldi er í senn eitt útbreiddasta mannréttindabrot heimsins og ein alvarlegasta birtingarmynd kynjamisréttis. Íslensk stjórnvöld telja það lykilatriði í baráttunni fyrir jafnrétti kynjanna að berjast gegn kynbundnu ofbeldi og leggja áherslu á markvissar aðgerðir. Á undanförunum árum og áratugum hefur umræða um kynferðislegt og kynbundið ofbeldi og áreitni verið áberandi jafnt hérlendis og erlendis. Í takt við þá þróun hafa íslensk stjórnvöld betrubætt löggjöf og sett sér aðgerðaáætlanir í málaflokknum. Fyrsta heildstæða aðgerðaáætlunin um forvarnir meðal barna og ungmenna gegn kynbundnu ofbeldi og áreitni fyrir árin 2021–2025 var samþykkt á Alþingi árið 2020. Þá hefur verið unnið eftir aðgerðaáætlunum um meðferð kynferðisbrota fyrir árin 2018–2022 og 2023–2025.

Ráðist hefur verið í ýmiss konar vitundarvakningu gegn kynbundnu ofbeldi. Upplýsingar um heimilisofbeldi, kynferðisofbeldi, stafrænt ofbeldi og annars konar ofbeldi og úrræði til að stöðva það hafa verið gerðar aðgengilegar á vefgátt 112.is. Gerðir hafa verið langtímasamningar við aðila sem veita úrræði fyrir þolendur ofbeldis og hafa mörg úrræði einnig fengið styrki til að efla sérgreind verkefni og þjónustu. Fjárveitingar til lögreglu hafa einnig verið auknar vegna kynferðisbrota og kynbundins ofbeldis og stöðugildum vegna rannsóknar kynferðisbrota verið fjölgað hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Istanbúlsamningurinn

Ísland er aðili að samningi Evrópuráðsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi gegn konum (Istanbúlsamningurinn). Samningurinn var samþykktur á vettvangi Evrópuráðsins árið 2011 og undirritaður af íslenskum stjórnvöldum sama dag. Hann var fullgiltur¹ á Íslandi árið 2018. Istanbúlsamningurinn nýtur sérstöðu að því leyti að hann aðgreinir ofbeldi gegn konum frá öðrum tegundum ofbeldis. Samkvæmt samningnum er kynbundið ofbeldi gegn konum ofbeldi sem kona er beitt vegna þess að hún er kona eða ofbeldi sem konur verða hlutfallslega meira fyrir. Því sé kynbundið ofbeldi mismunur á grundvelli kyns og brot á mannréttindum kvenna. Það er álitid nauðsynlegur undanfari afnáms ofbeldis gegn konum að koma á jafnrétti kynjanna að lögum og í reynd. Ofbeldi gegn konum sé birtingarmynd sögulegs valdaójafnvægis milli kvenna og karla, sem leitt hefur til mismununar gegn konum. Samningnum er því ætlað að bregðast við og taka heildstætt á kynbundnu ofbeldi gegn konum.

¹ Með fullgildingu skuldbindur Ísland sig gagnvart öðrum aðildarríkjum til að uppfylla þær skyldur og tryggja þau réttindi sem kveðið er á um í samningnum. Oft þarf aðkomu Alþingis til að hægt sé að fullgilda alþjóðasamninga. Munurinn á fullgildingu og undirritun er sá að með undirritun gefur ríki til kynna áform sín um að undirgangast skuldbindingar samkvæmt samningnum. Lögfesting felur svo í sér að texti þjóðréttarsamnings er settur í lög og er einstaklingum þannig gert kleift að byggja á ákvæðum hans fyrir innlendum dómstólum.

Samningurinn byggir á fjórum meginstoðum: Forvörnum, vernd og stuðningi, saksókn og samhæfðri stefnu. Forvarnastoðin felur í sér fræðslu og vitundarvakningu sem miðar að því að uppræta staðalímyndir, hefðir og viðhorf sem viðhalda kynjamisrétti og ofbeldi gegn konum, auk þess sem lögð er áhersla á valdeflingu kvenna. Í stoðinni um vernd og stuðning er kveðið á um að þolendum sé tryggður aðgangur að upplýsingum, sérhæfðri þjónustu og úrræðum. Í saksóknarstoðinni er lögð áhersla á skilvirkar rannsóknir og málsmeðferð, þar sem réttindi og öryggi þolenda eru í fyrirrúmi. Sú stoð kallar jafnframt á virka þátttöku löggæsluyfirvalda í forvörnum og áhættumat. Loks felur samhæfð stefna í sér skyldu aðildarríkja til að móta heildstæða og samræmda stefnu gegn kynbundnu ofbeldi, safna tölfræðigögnum og styðja við rannsóknir sem varpa ljósi á orsakir og umfang þess.

Fyrstu úttekt GREVIO á Íslandi lauk í nóvember 2022 með stöðuskýrslu nefndarinnar. Í skýrslunni hrósar nefndin íslenskum stjórnvöldum fyrir framfarir sem hafa átt sér stað í meðferð mála sem varða heimilisofbeldi, kynferðisofbeldi og kynferðislega áreitni. Þrátt fyrir þau framfaraskref, er það skoðun nefndarinnar að enn sé margt sem betur má fara hérlandis í samhengi við kynbundið ofbeldi. Tvennt ber hæst í tilmælum GREVIO til Íslands.

Í fyrsta lagi benti nefndin á að hérlandis þurfi auknar aðgerðir gegn minna þekktum tegundum ofbeldis, s.s. heiðurstengdu ofbeldi, kynfæralímlestingum kvenna o.fl. Nefndin benti á að þó útbreiðsla þessa tegunda ofbeldis sé minni á Íslandi en í ýmsum öðrum ríkjum, sé líklegt að aukning verði í ljósi samfélagslegrar þróunar og auknum fjölbreytileika samfélagsins. Því þurfi aðgerðaáætlanir og aðrar stefnumótandi aðgerðir stjórnvalda að taka til þessara tegunda ofbeldis.

Í öðru lagi þurfi aðgerðir hérlandis að taka mið af fjölpætri mismunun í meiri mæli, þ.e. vinna þurfi markvisst að umbótum í þágu kvenna sem tilheyri jaðarsettum hópum. Nefndin lagði áherslu á að taka skuli sérstakt tillit til kvenna sem verða fyrir fjölpætri mismunun og kvenna sem tilheyra jaðarsettum hópum. Er þá einkum átt við konur af erlendum uppruna, konur með fötlun og konur með fíknivanda. GREVIO hvatti íslensk stjórnvöld til að ganga úr skugga um að ákvæði samningsins séu innleidd án nokkurrar mismununar, sérstaklega varðandi framangreinda hópa.

Afmörkun viðfangsefnis


Áætlun þessi er sett fram með það að markmiði að taka á heildstæðan hátt á kynbundnu ofbeldi gegn konum á Íslandi og vinna að innleiðingu Istanbúlsamningsins. Hún tekur því mið af markmiðum samningsins og tilmælum úr skýrslu GREVIO frá árinu 2022. Landsáætlunin leysir af hólmi gildandi aðgerðaáætlun um meðferð kynferðisbrota fyrir árin 2023-2025. Með því að sameina aðgerðaáætlun um meðferð kynferðisbrota við landsáætlun um aðgerðir við kynbundnu ofbeldi gegn konum fæst skýrari yfirsýn yfir aðgerðir, úrræði og þjónustu, bætt samræming gagnaöflunar og tölfræðiupplýsinga,

samhæfing og samfelldara verklag þvert á kerfi, bætt eftirfylgni og betri nýting fjármuna.

Í landsáætluninni er lögð áhersla á fræðslu til fagstétta um kynbundið ofbeldi, gagnaöflun og tölfræðiupplýsingar, kortlagningu á kynbundnu ofbeldi og meðferð kynferðisbrota, styrkingu á þjónustu og upplýsingagjöf til þolenda og samræmingu á verklagi meðal fagstétta. Sérstök áhersla er lögð á að aðgerðirnar taki mið af fjölbættri mismunun og unnið sé markvisst að umbótum í þágu kvenna sem tilheyra jaðarsettum hópum.

Aðgerðir í landsáætlun þessari eru liður í að uppfylla ákvæði Istanbúlsamningsins.

Aðgerðirnar eru 25 og eru flokkaðar í sjö málaflokka (A til G).



Í landsáætlun þessari skírskotar hugtakið ofbeldi almennt til kynbundins ofbeldis gegn konum í skilningi Istanbúlsamningsins, nema annað sé tekið fram berum orðum. Á sama hátt skírskotar hugtakið þolandi almennt til þolanda kynbundins ofbeldis.

Uppfærsla og eftirfylgni

Til að tryggja markvissa framkvæmd og innleiðingu aðgerða landsáætlunarinnar og Istanbúlsamningsins verður skipaður stýrihópur undir forystu dómsmálaráðuneytis með fulltrúum viðeigandi ábyrgðaraðila. Áætluninni verður fylgt eftir með stafrænu mælaborði sem verður uppfært reglulega um stöðu aðgerða. Sjá nánar aðgerðir 23-25.

Aðgerðaáætlun

A. SKILGREININGAR	8
1. Skilgreining ofbeldis í nánnum samböndum	8
B. VERND OG STUÐNINGUR.....	9
2. Kortlagning á samræmdum verkferlum og leiðbeiningum	9
3. Samræmt verklag í heilbrigðisþjónustu fyrir þolendur ofbeldis í nánnum samböndum.....	10
4. Aðgengi að þjónustu eftt um land allt.....	12
5. Upplýsingagjöf til þolenda.....	12
6. Skýrari umgjörð réttargæslu	13
C. FORVARNIR	14
7. Fræðsla innan réttarvörslukerfisins um kynbundið ofbeldi gegn konum	14
8. Skilorð gerenda ofbeldis í nánnum samböndum og kynferðisofbeldis í auknum mæli bundið við meðferð.....	15
9. Fatlað fólk og kynheilbrigði	16
10. Kortlagning á heiðurstengdu ofbeldi og neikvæðu félagslegu taumhaldi gegn konum og stúlkum.....	16
11. Fræðsla um heiðurstengt ofbeldi og neikvætt félagslegt taumhald gegn konum og stúlkum.....	17
D. RANNSÓKN BROTA, SAKSÓKN, RÉTTARFARSREGLUR OG VERNDARRÁÐSTAFANIR	19
12. Meðferð kynbundinna ofbeldismála innan réttarvörslukerfisins.....	19
13. Áhættumat og áhættustýring	19
14. Kvennamorð	20
15. Nálgunarbann og brottvísun af heimili.....	21
16. Aðstaða í dómhúsi.....	21
E. SAMHÆFÐ STEFNA OG GAGNAÖFLUN	23
17. Gagnaöflun um allar tegundir kynbundins ofbeldis.....	23
18. Umsóknir um alþjóðlega vernd á grundvelli kynbundinna ofsókna	24
F. EFNISLEGUR RÉTTUR	25
19. Öryggi þolenda í forsjár- og umgengismálum	25
20. Bann við þvinguðum ófrjósemisaðgerðum	26
21. Þyngri refsingar fyrir vændiskaup og nafngreining gerenda	26
22. Bætur til þolenda afbrota	27
G. EFTIRFYLGNI OG INNLEIÐING LANDSÁÆTLUNARINNAR.....	29
23. Stýrihópur um framkvæmd og innleiðingu landsáætlunar um aðgerðir við kynbundnu ofbeldi gegn konum.....	29
24. Framkvæmdasjóður landsáætlunar um aðgerðir við kynbundnu ofbeldi gegn konum	29
25. Mælaborð um framfylgd aðgerða í landsáætluninni	30

1. Skilgreining ofbeldis í nánnum samböndum

Lýsing aðgerðar: Skoðað verður hvort breyta eigi skilgreiningu 218. gr. b. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 á ofbeldi í nánnum samböndum þannig að hún samræmist betur ákvæði b-liðar 3. gr. Istanbúlsamningsins.

Markmið aðgerðar: Að útvíkka refsivernd þolenda ofbeldis í nánnum samböndum í samræmi við kröfur Istanbúlsamningsins.

Ábyrgð: Dómsmálaráðuneyti.

Samstarfsaðilar: Saksóknaraembættin og lögregluembættin.

Tímaáætlun: 2029.

Tilefni: Tilmæli GREVIO nr. 13 þar sem ofbeldi í nánnum samböndum er talið of þröngt skilgreint í 218. gr. b. alm. hgl.

Nánari lýsing á aðgerð: GREVIO hefur bent á að skilgreining ákvæðisins sé þröngri en skilgreining b-liðar 3. gr. Istanbúlsamningsins, þar sem ekki sé berum orðum tekið fram að ofbeldið geti ýmist verið líkamlegt, kynferðislegt, andlegt eða fjárhagslegt. Þá hefur GREVIO bent á að ákvæðið útiloki ofbeldi sem eigi sér stað á milli maka sem deila ekki, eða hafa ekki deilt, búsetu.

Aðgerðin felur því í sér að skoðað verður hvort gera þurfi breytingar á 218. gr. b. alm. hgl. á ofbeldi í nánnum samböndum þannig að hún samræmist betur ákvæði b-liðar 3. gr. Istanbúlsamningsins. Jafnframt verði skoðað hvort rétt sé að endurskoða skilgreiningu á ofbeldi í nánnum samböndum með hliðsjón af ofbeldi í þjónustu- og íbúðakjörnum fyrir fatlað fólk og aldraða. Að auki verður skoðað hvort stafrænu ofbeldi og umsáturseinelti skuli bætt við skilgreiningu 218. gr. b. alm. hgl., þó svo að b-liður 3. gr. Istanbúlsamningsins kveði ekki beint á um þær tegundir ofbeldis. Síðastliðin ár hefur umræða um stafræn brot og umsáturseinelti farið vaxandi og samhliða því hefur löggjöf verið betrumbætt. Um er að ræða brot sem eiga sér gjarnan stað innan náins sambands og verður því tekið til skoðunar hvort tilefni sé til að bæta við mögulega upptalningu í ákvæði 218. gr. b.

2. Kortlagning á samræmdum verkferlum og leiðbeiningum

Lýsing aðgerðar: Tryggt verður að verkferlar fyrir þá sem koma að þjónustu við þolendur kynbundins ofbeldis, þ.m.t. lögreglu, félagsmálayfirvöld og barnaverndarþjónustu, nái til allra tegunda kynbundins ofbeldis sem Istanbúlsamningurinn nær til.

Markmið aðgerðar: Að bregðast við öllum birtingarmyndum ofbeldis gegn konum á skjótan og árangursríkan hátt og eftir atvikum taka ákvarðanir um nauðsynlegar úrbætur, samræmingu og ábyrgðarsvið.

Ábyrgð: Dómsmálaráðuneyti í samstarfi við félags- og húsnæðismálaráðuneyti, heilbrigðisráðuneyti og mennta- og barnamálaráðuneyti.

Samstarfsaðilar: Ríkissaksóknari, ríkislögreglustjóri, lögregluembætti, heilbrigðisyfirvöld, sveitarfélög og frjáls félagasamtök eftir atvikum.

Tímaáætlun: 2026-2030.

Tilefni: Tilmæli GREVIO nr. 94 um leiðbeiningar og skýra verkferla í allri þjónustu við þolendur, nr. 249 um mikilvægi fræðslu til löggæslufulltrúa, nr. 112 og 131 um mikilvægi þverfaglegar samvinnu og nr. 113 um nauðsyn skýrra verkferla þar að lútandi.

Nánari lýsing á aðgerð: GREVIO hefur bent á mikilvægi þess að stjórnvöld hafi skýra verkferla og leiðbeiningar til að bregðast við öllum tegundum ofbeldis sem nái til allra kvenna, þ.m.t. kvenna af erlendum uppruna og kvenna sem eiga í hættu að verða fyrir fjölþættri mismunun.

Til að bregðast við því felur aðgerðin í sér að farið verði yfir þá verkferla og leiðbeiningar sem til eru fyrir þá sem koma að þjónustu við þolendur kynbundins ofbeldis, þ.m.t. lögreglu, félagsmálayfirvöld og barnaverndarþjónustu. Á grunni slíkrar kortlagningar verði ákveðið hvort samræma þurfi enn frekar verkferla og skýra ábyrgðarsvið til þess að tryggja að náð sé utan um allar birtingarmyndir ofbeldis samkvæmt Istanbúlsamningnum og tekið mið af ólíkum þörfum kvenna, þ.m.t. kvenna af erlendum uppruna og kvenna sem eiga í hættu að verða fyrir fjölþættri mismunun.

3. Samræmt verklag í heilbrigðisþjónustu fyrir þolendur ofbeldis í nánnum samböndum

Lýsing aðgerðar: Innleitt verður verklag þverfaglegs starfshóps byggt á skýrslu um heilsufar og heilbrigðisþjónustu frá 2021 á öllum heilbrigðisstofnunum landsins. Allir heilbrigðisstarfsmenn sem koma að þjónustu við þolendur kynbundins ofbeldis muni starfa samkvæmt skýrum verklagsreglum þar sem m.a. sé ljóst í hvaða þjónustu skuli vísa sjúklingi. Liður í verklaginu er notkun skráningarforms þar sem upplýsingar um mál um ofbeldi í nánnum samböndum verða skráðar á einn stað í sjúkraskrárkerfinu.

Markmið aðgerðar: Að tryggja að allir þolendur kynbundins ofbeldis hljóti sambærilega þjónustu og verði vísað í viðeigandi úrræði af hálfu heilbrigðisstofnana.

Ábyrgð: Heilbrigðisráðuneyti.

Samstarfsaðilar: Heilbrigðisstofnanir á Íslandi.

Tímaáætlun: 2026.

Tilfni: Tilmæli GREVIO nr. 112 og 131 um mikilvægi þverfaglegrar samvinnu og nr. 113 um nauðsyn skýrra verkferla þar að lútandi. Einnig niðurstöður skýrslunnar Heilsufar og heilbrigðisþjónusta: kynja- og jafnréttissjónarmið frá árinu 2021.

Nánari lýsing á aðgerð: Heilbrigðisstofnanir eru helsti, og oft á tíðum jafnvel eini, viðkomustaður þolenda ofbeldis í nánnum samböndum. Heilbrigðisstarfsfólk gegnir því lykilhlutverki í því að greina ofbeldi og koma þolendum í viðeigandi þjónustu. Því er mikilvægt að skýrt og samræmt verklag í heilbrigðisþjónustu sé til staðar til að tryggja jafnt og greitt aðgengi að þjónustu og úrræðum.

Ákvörðun um að móta samræmt og bætt verklag byggist á niðurstöðum skýrslunnar *Heilsa og heilbrigðisþjónusta: kynja- og jafnréttisstjórnarmið* sem unnin var fyrir heilbrigðisráðuneytið árið 2021. Skipaður var þverfaglegur starfshópur sem var falið að móta samræmt verklag á grunni skýrslunnar vegna þjónustu við þolendur ofbeldis í nánnum samböndum sem leita til heilbrigðisstofnana landsins.

Verklagið miðar að því að ná á heildstæðan hátt utan um þarfir einstaklingsins. Meðal annars er tenging við félagsráðgjafa og áfallateymi sem getur veitt viðeigandi sálrænan stuðning á landsvísi og mögulega meðferð við áfallastreitu ef þörf krefur. Félagsráðgjafar og sálfræðingur hafa sérstaklega verið ráðnir vegna innleiðingar verklags við móttöku þolenda ofbeldis í nánnum samböndum og þjónusta lögmanna verið eflað.

Hluti af verklaginu er að setja upp rafrænt skráningarform í sjúkraskrárkerfinu en formið styður við verklagið og á að tryggja sömu þjónustu við alla þolendur ofbeldis í nánnum samböndum, óháð búsetu, efnahag eða öðrum breytum. Markmið vinnunnar er að tryggja þolendum sem besta þjónustu, rjúfa ofbeldishringinn og þannig draga úr ítrekuðu og stigmagnandi ofbeldi.

Hluti af skráningarforminu tekur til skráningar á niðurstöðum vegna réttarlæknisfræðilegrar skoðunar á þolendum ofbeldis en slíkar skoðanir eru gerðar í alvarlegustu ofbeldismálunum. Markmiðið er að skoðun og skráning áverka og skráning sönnunargagna fari fram á viðurkenndan máta og stuðli þannig að því að upplýsingarnar nýtist sem best ef til sakamáls kemur.

4. Aðgengi að þjónustu eftt um land allt

Lýsing aðgerðar: Unnið verður að því að efla þjónustu og ráðgjöf í kjölfar kynbundins ofbeldis um land allt.

Markmið aðgerðar: Að tryggja jafnt aðgengi og sambærilega þjónustu til þolenda kynbundins ofbeldis um land allt.

Ábyrgð: Félags- og húsnæðismálaráðuneyti.

Samstarfsaðilar: Sveitarfélög, frjáls félagasamtök sem veita þjónustu vegna ofbeldis og Reykjavíkurborg.

Tímaáætlun: 2026-2030.

Tílefni: Tilmæli GREVIO nr. 137 varðandi fjármögnun þjónustu við þolendur kynbundins ofbeldis og nr. 138 um framboð fjölbreyttrar þjónustu um allt land.

Nánari lýsing á aðgerð: Í tilmælum GREVIO eru stjórnvöld sérstaklega hvött til þess að tryggja aðgengi að þjónustu um land allt og að fjármögnun þolendamíðstöðva verði næg og tryggð til lengri tíma. Þolendur kynbundins ofbeldis eru viðkvæmur hópur en margir eru í þeirri stöðu að hafa orðið fyrir áfalli sem krefst tafarlausrar, samfelldrar og aðgengilegrar þjónustu, óháð búsetu.

Aðgerðin felst í því að veita áfram stuðning til þjónustuúrræða sem sett hafa verið á fót víðsvegar um landið sem gera þolendum kleift að fá þjónustu sem næst sinni heimabyggð. Aðgerðin stuðlar þannig að auknu jafnræði meðal þolenda ofbeldis um land allt og ekki síst auknu öryggi einstaklinga í afar viðkvæmri stöðu.

5. Upplýsingagjöf til þolenda

Lýsing aðgerðar: Þjónustugátt lögreglu verður þróuð áfram, m.a. þannig að þolendur fleiri tegunda kynbundins ofbeldis geti nýtt sér hana og upplýsingagjöf aukin. Þá verður gáttin tekin í notkun hjá lögreglu á landsvísu svo þolendur um allt land geti nýtt sér hana.

Markmið aðgerðar: Að bæta upplýsingagjöf til þolenda og auka traust þeirra um allt land til lögreglu og ákærvalds.

Ábyrgð: Dómsmálaráðuneyti.

Samstarfsaðilar: Ríkislögreglustjóri, lögregluembættin og héraðssaksóknari.

Tímaáætlun: 2026-2028.

Tílefni: Tilmæli GREVIO nr. 296 um mikilvægi þess að stjórnvöld beiti þeim þolendamiðuðu úrræðum sem til taks eru með kerfisbundnum og markvissum hætti.

Nánari lýsing á aðgerð: Í desember 2021 opnaði dómsmálaráðherra rafræna þjónustugátt þar sem þolendur sem hafa kært kynferðisbrot geta nálgast upplýsingar um sín mál (mitt.logreglan.is) til að mæta þörf fyrir aukna upplýsingagjöf til þolenda um framgang mála í réttarvörslukerfinu. Þróun gáttarinnar er samvinnuverkefni lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu og ríkislögreglustjóra

en hefur aðeins verið í notkun hjá embættum lögreglunnar á höfuðborgar-
svæðinu og lögreglunnar á Suðurnesjum.

Aðgerðin felur í sér að gáttin verði þróuð áfram þannig að þolendur annars konar
ofbeldis, s.s. ofbeldis í nánu sambandi, geti einnig nýtt sér hana, auk þess sem
tímarammar verði skýrari og aðgengilegri og það tryggt að þolendur fái greinar-
góðar upplýsingar um framvindu máls. Jafnframt að notkun þjónustugáttarinnar
verði innleidd hjá lögreglu á landsvísu svo að þolendur ofbeldis njóti
sambærilegra úrræða óháð búsetu.

6. Skýrari umgjörð réttargæslu

Lýsing aðgerðar: Samdar verða ítarlegar leiðbeiningar fyrir lögmenn sem taka
að sér réttargæslu brotþola kynbundins ofbeldis og þeim veitt fræðsla.

Markmið aðgerðar: Að efla þekkingu réttargæslumanna og styrkja þannig gæði
þjónustu þeirra við brotþola kynbundins ofbeldis.

Ábyrgð: Dómsmálaráðuneyti.

Samstarfsaðilar: Lögmannafélagið, ríkissaksóknari og ríkislögreglustjóri.

Tímaáætlun: 2026-2028.

Tilefni: Tilmæli GREVIO nr. 297 um að þjónusta réttargæslumanna sé misjöfn að
gæðum.

Nánari lýsing á aðgerð: Á síðustu árum hefur réttarstaða brotþola verið bætt á
ýmsan hátt, m.a. með lögum nr. 61/2022, um breytingu á lögum um meðferð
sakamála, nr. 88/2008 (bætt réttarstaða brotþola). Aðgangur brotþola og
réttargæslumanna að gögnum á rannsóknarstigi er til að mynda ríkari en áður og
hlutverk réttargæslumanna hefur verið styrkt með aukinni heimild til að leggja
fram sönnunargögn fyrir dómi og til að leggja spurningar fram við aðalmeðferð
máls.

Hins vegar er þörf á að samræma verklag réttargæslumanna á landsvísu til þess
að tryggja gæði þjónustu þeirra við brotþola kynbundins ofbeldis. Því verða
gefnar út leiðbeiningar um eðli og sérstöðu kynbundins ofbeldis og hvað sé
mikilvægt að réttargæslumenn hafi í huga þegar gætt er að réttindum þolenda
kynbundins ofbeldis, til að mynda að réttargæslumaður og brotþoli nái að ræða
saman fyrir skýrslutöku hjá lögreglu og að réttargæslumaður sé virkur í eftirfylgni
mála og upplýsingamiðlun til brotþola. Jafnframt verði öllum
réttargæslumönnum veitt fræðsla um nýlegar lagabreytingar varðandi hlutverk
réttargæslumanna og réttindi brotþola kynbundins ofbeldis út frá ákvæðum
hegningarlaga og sakamálalaga með hliðsjón af ákvæðum Istanbúlsamningsins.
Þá verði þeim einnig veitt fræðsla um fyrrgreindar leiðbeiningar.

7. Fræðsla innan réttarvörslukerfisins um kynbundið ofbeldi gegn konum

Lýsing aðgerðar: Tryggð verður fræðsla meðal starfsfólks lögreglu, ákæranda, dómstóla og sýslumanna um birtingarmyndir og afleiðingar kynbundins ofbeldis gegn konum.

Markmið aðgerðar: Að efla getu réttarvörslukerfisins til að taka á kynbundnu ofbeldi gegn konum.

Ábyrgð: Dómsmálaráðuneyti.

Samstarfsaðilar: Ríkislögreglustjóri, ríkissaksóknari, dómstólasýslan og sýslumannaráð.

Tímaáætlun: 2027-2028.

Tílefni: Tilmæli GREVIO nr. 94 sem kalla eftir fræðslu og þekkingarmiðlunar til fagstétta sem koma að ofbeldismálum, einkum innan réttarvörslukerfisins.

Nánari lýsing á aðgerð: Á grundvelli rannsóknar um viðhorf og reynslu fagaðila sem starfa við meðferð kynbundinna ofbeldismála innan réttarvörslukerfisins, sbr. aðgerð 12, verður útbúin fræðsla fyrir lögreglu, ákærendur, sýslumenn og dómara. Þjálfun og fræðsla fyrir sérfræðinga um ástæður, birtingarmyndir og afleiðingar kynbundins ofbeldis er mikilvæg til að vinna gegn slíku ofbeldi og til að tryggja réttláta málsmeðferð innan réttarvörslukerfisins. Mikilvægt er að starfsfólk lögreglu, ákæranda og dómstóla fái fræðslu um meðferð kynbundinna ofbeldismála innan réttarvörslukerfisins. Þá þykir einnig gagnlegt fyrir síðari málsmeðferð innan réttarvörslukerfisins að sambærileg fræðsla sé veitt starfsfólki sýslumanna sem starfar við fjölskyldumál, einkum mál sem eru rekin á grundvelli barnalaga, hjúskaparlaga, lögræðislaga og laga um réttindagæslu fyrir fatlað fólk. Leiti brotþolar ekki til lögreglunnar í kjölfar kynbundins ofbeldismáls, er mögulegt að málið verði rætt við meðferð fjölskyldumála. Til að tryggja hlutlægt sönnunarmat og betri upplifun brotþola af skýrslutökum er mikilvægt að sérfræðingar innan réttarvörslukerfisins og dómstóla hafi þekkingu og skilning á þeim viðbrögðum sem áföll, s.s. kynbundið ofbeldi, geta haft á framburð brotþola.

Sönnunarmat í kynferðisbrotamálum er séreðlis þar sem það byggir fyrst og fremst á mati á trúverðugleika framburðar brotþola, sakbornings og á óbeinum sönnungargögnum. Með notkun samfélagsmiðla fara samskipti fólks í auknum mæli fram með skilaboðum og annars konar samskiptamátum. Nauðsynlegt er að sérfræðingar innan kerfis, rannsóknarlögreglumenn, ákærendur og dómara, hafi þekkingu á hvernig stafrænna sönnunargagna er aflað og hvernig vinna eigi og lesa úr gögnunum til að tryggja gæði þeirra og réttmæti. Því skal tryggja

fræðslu um sönnunarmat og öflun sönnunargagna, sérstaklega stafrænna gagna, í kynferðisbrotamálum.

Efla þarf fræðslu meðal sérfræðinga innan kerfisins um skilgreiningu á nauðgun út frá skorti á samþykki, sbr. breytingu á ákvæði 1. mgr. 194.gr. alm. hgl. með lögum nr. 16/2018. Þar er nauðgun skilgreind út frá skorti á samþykki, þ.e. að samræði eða önnur kynferðismök geti varðað refsingu ef skýrt samþykki til þátttöku í kynferðislegri athöfn liggur ekki fyrir. Þessi nálgun er kölluð samþykkisreglan. Mikilvægt er að þær réttarbætur í þágu fatlaðs fólks, sbr. lög nr. 61/2022, um breytingu á lögum um meðferð sakamála, skili sér með fullnægjandi hætti við meðferð mála á rannsóknarstigi og fyrir dómi. Í lögunum er m.a. kveðið á um að dómari geti ákveðið í vissum tilvikum að skýrsla af fötluðum brotapolá eða vitni verði tekin í sérútbúnu húsnæði. Af þessum ástæðum þarf að fræða lögreglu, ákærendur og dómara um stöðu fatlaðs fólks í réttarkerfinu og hvernig hægt sé að mæta þörfum þess.

8. Skilorð gerenda ofbeldis í nánum samböndum og kynferðisofbeldis í auknum mæli bundið við meðferð

Lýsing aðgerðar: Haldin verður fræðsla fyrir ákærendur og dómara um bindingu skilorðs við meðferð þegar sakfelld er fyrir ofbeldi í nánu sambandi eða kynferðisofbeldi. Samhliða því verða settar reglur um eftirlit Fangelsismálastofnunar með framfylgd skilorðsdóma sem bundnir eru sérskilyrðum.

Markmið aðgerðar: Að fyrirbyggja endurtekin ofbeldisbrot gegn konum.

Ábyrgð: Dómsmálaráðuneyti.

Samstarfsaðilar: Saksóknaraembættin, dómstólasýslan, Fangelsismálastofnun og viðeigandi meðferðaraðilar.

Tímaáætlun: 2026-2027.

Tilfni: Tilmæli GREVIO nr. 99(a) um við ákvörðun refsingar sé gerendum ofbeldis vísað í úrræði þegar sakfelld er fyrir ofbeldi í nánu sambandi eða kynferðisofbeldi.

Nánari lýsing á aðgerð: Dómarar hér á landi nýta takmarkað heimild 3. mgr. 57. gr. hegningarlaga til þess að setja sérskilyrði í tengslum við skilorðsbundinn dóm en í skýrslu sinni hvatti GREVIO til þess að gerendum yrði í meiri mæli vísað í meðferðarúrræði. Í dag er starfrækt úrræðið Heimilisfriður, fyrir einstaklinga sem beita eða hafa beitt ofbeldi í nánum samböndum, og Taktu skrefið, fyrir fólk sem hefur áhyggjur af kynferðislegri hegðun sinni eða hefur beitt kynferðisofbeldi.

Til að stuðla að því að skilorð gerenda ofbeldis í nánum samböndum og kynferðisofbeldis sé í auknum mæli bundið við meðferð, á borð við þá sem Heimilisfriður og Taktu skrefið veita, verður haldin fræðsla fyrir ákærendur og dómara. Til þess að skilorðsbundnir dómara sem eru bundnir slíkum sérskilyrðum þjóni tilgangi sínum þarf að vera unnt að framfylgja þeim eins og til er ætlast. Því verða settar skýrar reglur um umsjón og eftirlit Fangelsismálastofnunar þar um.

9. Fatlað fólk og kynheilbrigði

Lýsing aðgerðar: Unnið verður fræðsluefni og kennsluleiðbeiningar fyrir fagfólk og aðra sem koma að þjónustu við fatlað fólk um kynheilbrigði, birtingarmyndir ofbeldis gegn fötluðu fólki, félagsleg tengsl, nán sambönd o.fl. svo unnt sé að miðla því áfram til fatlaðs fólks.

Markmið aðgerðar: Að fatlað fólk fái fræðslu og stuðning varðandi eigin kynhegðun og þekki rétt sinn í nánnum samskiptum við aðra.

Ábyrgð: Félags- og húsnæðismálaráðuneytið.

Samstarfsaðilar: Ráðgjafar- og greiningarstöð, Þroskahjálp og ÖBÍ.

Tímaáætlun: 2026.

Tilfni: Tilmæli GREVIO nr. 34 um nauðsyn þess að grípa til aðgerða í þágu kvenna sem tilheyra jaðarsettum hópum og eru þ.a.l. í meiri hættu á að verða fyrir ofbeldi og nr. 94 um mikilvægi þess að fagfólk sem vinnur með fötluðu fólki geti borið kennsl á ofbeldi og gripið inn í aðstæður.

Nánari lýsing á aðgerð: Fatlað fólk getur átt í aukinni hættu á að lenda í óheilbrigðum eða jafnvel skaðlegum samskiptum m.a. vegna skorts á getu til að lesa í tengsl og/eða í aðstæður. Einnig getur skortur á þekkingu og innsæi á eigin kynhegðun valdið áskorunum í daglegu lífi. Að veita fötluðu fólki fræðslu og stuðning um kynheilbrigði, nán sambönd og kynferðislega hegðun er mikilvægur liður í því að tryggja öryggi og til að efla sjálfstæði og sjálfræði þeirra. Fatlað fólk hefur, rétt eins og aðrir, þörf fyrir tengsl, nánd og kynlíf, en oft skortir það aðgengi að upplýsingum, leiðsögn og fræðslu sem sniðin er að þeirra þörfum. Fræðsluefni og leiðbeiningar af þessu tagi styrkir fagfólk og aðra sem koma að þjónustu við fatlað fólk og eykur líkur á einstaklingsmiðaðri nálgun. GREVIO bendir á í skýrslu sinni að stjórnvöld þurfi að huga betur að aðgerðum sem miða að hópum í viðkvæmri stöðu, einkum fötluðum konum, til dæmis er varðar aðgengi að upplýsingum og fræðslu um ofbeldi og jafnframt aðgengi að stuðningi og þjónustu. Fræðsla, stuðningur og samtal við fagfólk um þetta viðfangsefni er þannig einn liður í því að mæta þeim athugasemdum GREVIO. Samráð við fatlaðar konur verður tryggt við vinnslu fræðsluefnisins og kennsluleiðbeininganna og jafnframt við hagsmunasamtök fatlaðs fólks.

10. Kortlagning á heiðurstengdu ofbeldi og neikvæðu félagslegu taumhaldi gegn konum og stúlkum

Lýsing aðgerðar: Heiðurstengt ofbeldi og neikvætt félagslegt taumhald gegn stúlkum og konum á Íslandi verður kortlagt. Sérstaklega verður horft til félags- og barnaverndarþjónustunnar, menntakerfisins, frístunda-, íþrótt- og tómstundastarfs og heilbrigðiskerfisins.

Markmið aðgerðar: Að skapa þekkingu á umfangi heiðurstengds ofbeldis og neikvæðs félagslegs taumhalds gegn stúlkum og konum.

Ábyrgð: Mennta- og barnamálaráðuneyti.

Samstarfsaðilar: Félags- og húsnæðismálaráðuneyti, heilbrigðisráðuneyti, Barna- og fjölskyldustofa og sveitarfélög.

Tímaáætlun: 2027.

Tilefni: Tilmæli GREVIO nr. 68 þar sem íslensk stjórnvöld eru hvött til þess að rýna með ítarlegri hætti í þær tegundir ofbeldis sem fá litla athygli hérlandis.

Nánari lýsing á aðgerð: Í skýrslu GREVIO kom ábending þess efnis að skortur væri á stefnumótun og úrræðum vegna heiðurstengds ofbeldis gegn konum og stúlkum. Um er að ræða birtingarmynd ofbeldis sem lítið hefur farið fyrir í umræðu á Íslandi. Til að greina umfang og eðli ofbeldisins gagnvart stúlkum og konum hérlandis er nauðsynlegt að framkvæma kortlagningu innan félags- og barnaverndarþjónustunnar, menntakerfisins, frístunda-, íþrótt- og tómstundastarfs og heilbrigðiskerfisins. Með slíkri kortlagningu fæst raunhæf mynd af umfangi, eðli og birtingarmynd ofbeldisins sem mun styðja við stefnumótun stjórnvalda og þróun úrræða.

11. Fræðsla um heiðurstengt ofbeldi og neikvætt félagslegt taumhald gegn konum og stúlkum

Lýsing aðgerðar: Fræðsla um einkenni og birtingarmyndir heiðurstengds ofbeldis og neikvæðs félagslegs taumhalds verður útbúin og henni miðlað til starfsfólks í félagsþjónustu, lögreglu, innan skóla- og frístundasviðs og heilbrigðiskerfisins.

Markmið aðgerðar: Að efla þekkingu á birtingarmyndum heiðurstengds ofbeldis og neikvæðs félagslegs taumhalds.

Ábyrgð: Félags- og húsnæðismálaráðuneyti í samstarfi við dómismálaráðuneyti.

Samstarfsaðilar: Dómstólasýslan, Fangelsismálastofnun, Mennta- og starfsþróunarsetur lögreglunnar, Barna- og fjölskyldustofa, 112.is, viðeigandi félagasamtök og Jafnréttisstofa.

Tímaáætlun: 2026.

Tilefni: Tilmæli GREVIO nr. 77 um þörf á vitundarvakningu um mismunandi tegundir ofbeldis, nr. 94 um mikilvægi þess að fagaðilar búi yfir yfirgripsmikilli þekkingu.

Nánari lýsing á aðgerð: Í skýrslu GREVIO er þeim tilmælum beint til Íslands að efla þekkingu á birtingarmyndum neikvæðs félagslegs taumhalds og heiðursofbeldis og hvernig bregðast skuli við því, einkum meðal starfsfólks félagsþjónustu og barnaverndar, lögreglu, innan skóla- og frístundasviðs, heilbrigðiskerfis og þjónustuúrræða fyrir þolendur ofbeldis. Þessi birtingarmynd ofbeldis hefur ekki verið mikið áberandi hér á landi en í ört vaxandi fjölmenningsamfélagi býr fólk með ólíkan bakgrunn og siði þar sem félagslegt taumhald og heiðursofbeldi er samþykkt.

Framangreindar starfsstéttir þurfa að geta greint á milli menningarlegra hefða og mannréttindabrota sem krefst þekkingar. Því verður unnið fræðsluefni og því miðlað verði til þeirra með markvissum hætti. Við gerð fræðsluefnisins er gert ráð fyrir að litið verði til verkefna sem unnið er að á Norðurlöndunum en Ísland er þátttakandi í norrænu tengslaneti sem fjallar reglulega um stöðu þessara mála og kortleggur aðgerðir sem verið er að vinna að. Fræðslan skal ná til þess hvernig bera skuli kennsl á heiðursafbeldi og neikvætt félagslegt taumhald og viðeigandi viðbrögð við slíku ofbeldi. Huga þarf að ólíkum þörfum þolenda og valdeflingu þeirra.

12. Meðferð kynbundinna ofbeldismála innan réttarvörslukerfisins

Lýsing aðgerðar: Unnin verður rannsókn um viðhorf og reynslu fagaðila sem starfa við meðferð kynbundinna ofbeldismála innan réttarvörslukerfisins.

Markmið aðgerðar: Að kanna hvort breytingar síðustu ára á lagaumhverfi og verklagi hafi skilað tilætluðum árangri í meðferð kynbundinna ofbeldismála eða hvort frekari aðgerða sé þörf.

Ábyrgð: Dómsmálaráðuneyti.

Samstarfsaðilar: Lögregluembættin, ríkislögreglustjóri, saksóknaraembættin og fræðasamfélagið.

Tímaáætlun: 2026-2027.

Tilefni: Tilmæli GREVIO nr. 259 um nauðsyn þess að auka getu lögreglu og ákærvalds í kynbundnum ofbeldismálum og nr. 264 um nauðsyn þess að greina þætti sem hægja á meðferð kynbundinna ofbeldismála.

Nánari lýsing á aðgerð: Árið 2014 voru birtar rannsóknarniðurstöður um viðhorf fagaðila til meðferðar nauðgunarmála innan réttarvörslukerfisins og tillögur að úrbótum. Frá þeim tíma hafa ýmsar breytingar orðið í tengslum við meðferð kynbundinna ofbeldismála í samhengi réttarvörslukerfisins. Til að mynda hafa verið gerðar breytingar á ákvæði 194. gr. alm. hgl. þar sem nauðgun er skilgreind út frá samþykki og ofbeldi í nánú sambandi er nú sérstakt brot, sbr. 218. gr. b. alm. hgl. Þá hafa verið gerðar breytingar á lögum um meðferð sakamála til að bæta réttarstöðu þolenda, stöðugildum í kynferðisbrotadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu verið fjölgað og lögregla og ákærvald fengið þjálfun í meðhöndlun kynferðisbrota, svo dæmi séu nefnd.

Framkvæmd verður rannsókn með hliðsjón af niðurstöðum fyrri rannsókna frá árinu 2014 um meðferð nauðgunarmála. Rannsóknin mun hins vegar ekki einskorðast við meðferð nauðgunarmála, heldur meðferð kynbundinna ofbeldismála í skilningi Istanbúlsamningsins. Í ljósi tilmæla GREVIO verður sérstaklega leitast við að greina hvaða þættir hægja á meðferð kynbundinna ofbeldismála innan réttarvörslukerfisins.

13. Áhættumat og áhættustýring

Lýsing aðgerðar: Komið verði á kerfisbundnu og samræmdu áhættumati og í kjölfarið viðeigandi áhættustýringu vegna allra tegunda ofbeldis sem Istanbúlsamningurinn nær til hjá öllum stofnunum sem koma að slíku ofbeldi.

Markmið aðgerðar: Að stuðla að skaðaminnkun, lágmarka tjón og hættu. Þá er aðgerðinni einnig ætlað að stuðla að sameiginlegum skilningi ólíkra stofnana á ofbeldi og áhættu sem og tryggja fullnægjandi miðlunarheimildir þeirra á milli.

Ábyrgð: Dómsmálaráðuneyti.

Samstarfsaðilar: Ríkislögreglustjóri, lögregluembættin, heilbrigðisstofnanir, sveitarfélög og barna- og fjölskyldustofa.

Tímaáætlun: 2028.

Tilfni: Tilmæli GREVIO nr. 274 um nauðsyn þess að hluteigandi stofnanir séu skyldugar til þess að framkvæma kerfisbundið áhættu- og öryggismat vegna ofbeldis og nr. 189(b) um ofbeldi í garð barna.

Nánari lýsing á aðgerð: Til að hægt sé að bregðast við kynbundnu ofbeldi er mikilvægt að framkvæma áhættumat. GREVIO bendir á að lögreglunni á Íslandi standi ýmiss konar tól til boða, svo sem B-Safer og PATRIARCH, en gagnrýnir að þeim sé ekki beitt á nógu markvissan hátt.

Aðgerðin felur því í sér að komið verði á kerfisbundnu og samræmdu áhættumati og í kjölfarið viðeigandi áhættustjórnun, þ.m.t. notkun öryggishnappa, brottvísunar af heimili og nálgunarbanns. Gætt verður að því að áhættumatið og áhættustýringin taki mið af ólíkum þörfum ólíkra kvenna og barna þeirra, þ.m.t. kvenna af erlendum uppruna og annarra kvenna sem verða fyrir fjölþættri mismunun. Litið verður til reynslu nágrannaríkja af áhættumati og áhættustjórnun og lagaumhverfi um þagnarskyldu rýnt til að tryggja faglegar forsendur áhættumats og viðbrögð.

14. Kvennamorð

Lýsing aðgerðar: Skoðað verði að koma á fót einhvers konar kerfi og eða breyttu verklagi sem feli í sér að kvennamorð verði rannsökuð og greind sérstaklega með það að markmiði að greina helstu orsakapætti kvennamorða og hugsanlega kerfisgalla.

Markmið aðgerðar: Að koma í veg fyrir kvennamorð og auka öryggi kvenna með því að efla og bæta viðbragð löggæslu, félagsmálayfirvalda og heilbrigðis-kerfisins.

Ábyrgð: Dómsmálaráðuneyti.

Samstarfsaðilar: Ríkislögreglustjóri.

Tímaáætlun: 2027-2028.

Tilfni: Tilmæli GREVIO nr. 275 um nauðsyn þess að koma í veg fyrir kvennamorð.

Nánari lýsing á aðgerð: Í alvarlegustu tilvikunum getur kynbundið ofbeldi gegn konum leitt til dauða þolanda. Kynbundin morð á konum og stúlkum, þ.e. kynbundið ofbeldi sem leiðir til dauða, eru alla jafnan nefnd kvennamorð (e. femicide). Skoðað verði að koma á fót einhvers konar kerfi sem feli í sér að kvennamorð verði rannsökuð og greind sérstaklega með það að markmiði að greina helstu orsakapætti og mögulega kerfisgalla. Þar verði hægt að nálgast

upplýsingar um öll kynbundin morð á konum og stúlkum með skipulögðum og kortlögðum hætti. Rannsókn í þessum skilningi miðar eingöngu að því að leiða í ljós orsakir kvennamorða, en ekki að skipta sök eða ábyrgð, með það að markmiði að draga úr hættu á sams konar morðum. Þetta fæli í sér greiningu og rannsókn á tildrögum hvers einstaks kvennamorðs í þeim tilgangi að koma í veg fyrir að atvik endurtaki sig og greina hvaða úrbætur þurfi að gera.

15. Nálgunarbann og brottvísun af heimili

Lýsing aðgerðar: Lagðar verða til breytingar á lögum um nálgunarbann og brottvísun af heimili nr. 85/2011 þess efnis að komið verði á rafrænu eftirliti með staðsetningarbúnaði, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum, með þeim sakborningum sem sæta nálgunarbanni og/eða brottvísun af heimili, í þeim tilgangi að tryggja að slíkri ákvörðun sé framfylgt.

Markmið aðgerðar: Að auka vernd brotþola gegn ofbeldi í nánú sambandi og umsáturseinelti og sporna gegn endurteknum brotum gegn nálgunarbanni og/eða brottvísun af heimili og bæta sönnunarfærslu vegna brota.

Ábyrgð: Dómsmálaráðuneyti.

Tímaáætlun: 2026.

Samstarfsaðilar: Ríkislögreglustjóri og lögregluembættin.

Tílefni: Tilmæli GREVIO nr. 283 um tíðari nýtingu yfirvalda á nálgunarbanni og brottvísun af heimili.

Nánari lýsing á aðgerð: Á Íslandi eru í gildi lög um nálgunarbann og brottvísun af heimili nr. 85/2011. GREVIO bendir á að lögin sjálf virðist vera í samræmi við Istanbúlsamninginn en að framkvæmd þeirra sé ábótavant. Í mars 2025 skipaði dómsmálaráðherra starfshóp sem fékk það verkefni að yfirfara lög nr. 85/2011 og leggja til breytingar. Verkefni starfshópsins var einnig að taka til skoðunar hvort og þá með hvaða hætti unnt væri að nýta rafrænt eftirlit til að auka öryggi þolenda í tengslum við framkvæmd nálgunarbanns og/eða brottvísun af heimili.

Á grunni þessarar vinnu verða lagðar til breytingar á lögum nr. 85/2011 til þess að heimila lögreglu að beita rafrænu eftirliti með staðsetningarbúnaði að ákveðnum skilyrðum uppfylltum, samhliða ákvörðun um nálgunarbann og/eða brottvísun af heimili. Gerðar verða nauðsynlegar breytingar til að sporna gegn endurteknum brotum gegn nálgunarbanni og/eða brottvísun af heimili og bæta sönnunarfærslu vegna slíkra brota.

16. Aðstaða í dómhúsi

Lýsing aðgerðar: Gerðar verða nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að aðbúnaður og skipulag við aðalmeðferð dómstóla um land allt sé með þeim hætti að réttindi þolenda kynbundins ofbeldis séu tryggð.

Markmið aðgerðar: Að tryggja að brotapolar kynbundins ofbeldis geti gefið skýrslu án þess að sjá ákærða til að takmarka sálrænan skaða brotþola.

Ábyrgð: Dómsmálaráðuneyti.

Samstarfsaðilar: Dómstólasýslan, ríkissaksóknari, ríkislögreglustjóri og Lögmannafélag Íslands.

Tímaáætlun: 2026-2028.

Tilfni: Tilmæli GREVIO nr. 296 um kerfisbundna beitingu þolendaúrræða sem eru til taks við meðferð dómsmála.

Nánari lýsing á aðgerð: Samkvæmt 166. gr. laga um meðferð sakamála á ákærði rétt á að vera viðstaddur aðalmeðferð máls fyrir dómi þegar fram fara skýrslutökur og munnlegur flutningur máls. Er ákvæðið byggt á réttindum sem tryggð eru í stjórnarskránni og Mannréttindasáttmála Evrópu. Dómari getur þó ákveðið að ákærði skuli yfirgefa dómssal á meðan skýrsla er tekin af öðrum, sbr. 1. mgr. 123. gr. sömu laga, ef dómari telur að nærvera ákærða geti orðið vitninu sérstaklega til íþyngingar og haft áhrif á framburð þess. Sé ákærða vikið úr dómssal skal dómari sjá til þess að hann geti fylgst með skýrslutöku um leið og hún fer fram og er dómara rétt að spyrja þeirra spurninga sem ákærði og verjandi hans óska. Samkvæmt 3. mgr. 123. gr. laga um meðferð sakamála skal dómstólasýslan setja nánari reglur um tilhögun skýrslutöku samkvæmt greininni.

Í i-lið 56. gr. Istanbúlsamningsins er sambærilegt ákvæði og í fyrrnefndri 123. gr. laga um meðferð sakamála, þar sem kveðið er á um að þolendum skuli gert kleift að bera vitni í samræmi við lög án þess að mæta í réttarsalinn eða án þess að meintur gerandi sé viðstaddur, einkum með notkun fjarskiptatækni. Í skýrslu GREVIO eru íslensk stjórnvöld hvött til að nýta úrræði til verndar brotþolum og vitnum á þennan hátt. Í greinargerð með Istanbúlsamningnum segir að það að tryggja brotþola þau úrræði að gefa skýrslu án þess að sjá geranda takmarki þann sálræna skaða sem brotþoli getur upplifað við að vera í sama rými og gerandi.

Til þess að aðbúnaður og skipulag við aðalmeðferð dómstóla sé með þeim hætti að réttindi þolenda kynbundins ofbeldis séu tryggð verður horft til þriggja þátta. Í fyrsta lagi verður fjarfundarbúnaður gerður tiltækur í viðeigandi rými í dómshúsi. Í öðru lagi verður húsnæði dómstóla á landsvísu útbúið með þeim hætti að tryggt verði að brotþoli geti gefið skýrslu í dómsal án nálægðar við ákærða og að ákærði geti fylgst með skýrslugjöf í dómshúsi. Í þriðja lagi verði gætt að því að brotþoli og ákærði mætist ekki fyrir utan dómsal.

17. Gagnaöflun um allar tegundir kynbundins ofbeldis

Lýsing aðgerðar: Löggæsla, ákærvald, dómstólar, heilbrigðisþjónusta, félagsmálayfirvöld og barnavernd safni, skrái og birti reglulega aðgreind tölfræðileg gögn sem eiga við um allar birtingarmyndir ofbeldis sem falla undir gildissvið Istanbúlsamningsins.

Markmið aðgerðar: Að samræmdar og nákvæmar upplýsingar, m.a. um brotaþola, gerendur og tegund brota, verði aðgengilegar um land allt.

Ábyrgð: Dómsmálaráðuneyti í samstarfi við félags- og húsnæðismálaráðuneyti, heilbrigðisráðuneyti og mennta- og barnamálaráðuneyti.

Samstarfsaðilar: Hagstofa Íslands, sveitarfélög, sýslumannaráð, Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála, félagasamtök sem veita þjónustu vegna ofbeldis, ríkislögreglustjóri, dómstólar og embætti landlæknis.

Tímaáætlun: 2026-2030.

Tilefni: Tilmæli GREVIO nr. 60 um söfnun og birtingu tölfræði um kynbundið ofbeldi, nr. 283 um söfnun tölfræði um fjölda tilvika þar sem nálgunarbanni og brottvísun af heimili er beitt, fjölda brota á ráðstöfununum og þá hvers kyns úrræði tekur við í kjölfar slíkra brota og nr. 191 um söfnun gagna um ákvörðun forsjár og umgengni í málum þar sem saga er um ofbeldi.

Nánari lýsing á aðgerð: Samkvæmt 11. gr. Istanbúlsamningsins skulu aðildarríki safna og birta aðgreindar tölfræðilegar upplýsingar sem eiga við um allar birtingarmyndir ofbeldis sem falla undir gildissvið samningsins. Ákvæðið byggir á mikilvægi þess að upplýst og ábyrg stefnumótun í baráttunni gegn kynbundnu ofbeldi og ofbeldi í nánnum samböndum grundvallist á áreiðanlegum tölfræðilegum upplýsingum. Afla þurfi tölfræðilegra upplýsinga frá öllum þeim aðilum sem veita þjónustu til þolenda ofbeldis, þ.m.t. heilbrigðiskerfis og lögreglu, svo unnt sé að bregðast við með sem bestum hætti. GREVIO hefur bent á að samræmda gagnasöfnun skorti á Íslandi. Til að mynda fari engin samræmd gagnasöfnun fram hjá lögreglu, ákærvaldi og dómstólum, ekki sé hægt að sjá feril mála, frá kærðu til ákærðu og eftir atvikum fram að dómi. Þá sé engin söfnun upplýsinga um fjölda brota gegn nálgunarbanni og fjölda mála þar sem kona var beitt frekara ofbeldi eða jafnvel myrt vegna brota gegn nálgunarbanni.

Aðgerðin felur því í sér að tryggja að löggæsla, ákærvald, dómstólar, heilbrigðisþjónusta, félagsmálayfirvöld og barnavernd safni, skrái og birti reglulega aðgreind tölfræðileg gögn um allar birtingarmyndir ofbeldis sem falla undir gildissvið Istanbúlsamningsins. Sérstaklega verður ráðist í átak í:

- a. Að samræma gagnasöfnun og skráningu á milli lögreglu, ákærvalds og dómstóla á öllum birtingarmyndum ofbeldis sem falla undir gildissvið

Istanbúlsamningsins. Upplýsingarnar skulu sundurliðaðar eftir kyni, aldri þolanda og geranda, tegund ofbeldis og tengslum geranda og þolanda.

- b.** Að safna gögnum um fjölda mála sem tilkynnt eru til lögreglu, kærur, ákærur, refsidóma og önnur viðurlög um hvers kyns ofbeldi gegn konum.
- c.** Að safna gögnum um fjölda brota gegn nálgunarbandi og fjölda mála þar sem kona var beitt frekara ofbeldi eða myrt vegna brota gegn nálgunarbandi.
- d.** Að safna tölfræðiupplýsingum þvert á félagsþjónustu sveitarfélaga og heilbrigðisþjónustu. Upplýsingum um fjölda þeirra sem leita til félagsþjónustu og heilbrigðisþjónustu vegna allra birtingarmyndna ofbeldis verði safnað með reglubundnum hætti og þær greindar eftir kyni, fötlun, aldri, uppruna, tengslum þolanda og geranda. Jafnframt verði safnað upplýsingum um hvaða þjónustu þolendur og gerendur fengu.
- e.** Að birta tölfræði um allar tegundir ofbeldis sem falla undir gildissvið Istanbúlsamningsins, þ. á m. greiningu gagna og þróun.
- f.** Að safna tölfræðilegum gögnum um forsjár- og umgengismál þar sem ofbeldi kemur við sögu.

18. Umsóknir um alþjóðlega vernd á grundvelli kynbundinna ofsókna

Lýsing aðgerðar: Skráningarkerfi Útlendingastofnunar verður bætt þannig að hægt sé að skrá, safna og birta gögn um fjölda umsókna um alþjóðlega vernd á grundvelli kynbundinna ofsókna.

Markmið aðgerðar: Að hægt verði að kalla fram upplýsingar um fjölda umsókna um alþjóðlega vernd á grundvelli kynbundinna ofsókna og niðurstöður þeirra.

Ábyrgð: Dómsmálaráðuneyti.

Samstarfsaðilar: Útlendingastofnun.

Tímaáætlun: 2028.

Tílefni: Tilmæli GREVIO nr. 60(f) um gagnasöfnun yfir fjölda hælisumsókna á grundvelli kynbundna ofsókna og niðurstöður þeirra.

19. Öryggi þolenda í forsjár- og umgengismálum

Lýsing aðgerðar: Við stefnumótun og endurskoðun barnalaga nr. 76/2003 og hjúskaparlaga nr. 31/1993 verður höfð hliðsjón af ákvæði 31. gr. Istanbúlsamningsins hvað varðar ákvörðun forsjár- og umgengnisréttar við börn, þar með talið að þolendum sé ekki gert að undirgangast sáttameðferð með gerendum sínum.

Markmið aðgerðar: Að tryggja betur öryggi þolenda ofbeldis og barna við skilnað og sambúðarslit og ákvörðun um forsjá og umgengni.

Ábyrgð: Dómsmálaráðuneyti.

Samstarfsaðilar: Sýslumannaráð og dómstólar.

Tímaáætlun: 2026-2028.

Tilfni: Tilmæli GREVIO nr. 189a um að allir hluteigandi sérfræðingar taki tillit til sögu um ofbeldi við ákvörðun um forsjá eða umgengni, nr. 190 um mat á áhrifum núverandi verklags sýslumanna og dómstóla fyrir þolendur ofbeldis og nr. 239 um sáttamiðlun foreldra þegar saga um ofbeldi er til staðar.

Nánari lýsing á aðgerð: Ákvæði 31. gr. Istanbúlsamningsins kveður á um að aðildarríki skuli gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að tekið sé tillit til ofbeldisbrota sem falla undir gildissvið samningsins við ákvörðun forsjár og umgengisréttar við börn.

Árið 2012 voru þau nýmæli lögfest í barnalögum nr. 76/2003 að dómara beri að líta til hættu á að barnið, foreldri eða aðrir á heimili barnsins hafi orðið fyrir eða verði fyrir ofbeldi við ákvörðun um forsjá. Jafnframt að sýslumanni beri að líta til sömu atriða við ákvörðun um umgengni með úrskurði. GREVIO hefur bent á mikilvægi þess að fram fari hagsmunamat í hverju og einu tilviki þar sem réttindi barnsins til að þekkja foreldri sitt séu vegin á móti réttindum þess til að verða ekki fyrir ofbeldi, ekki síst þar sem þekkt sé að ofbeldi haldi oft áfram eftir skilnað og kunni að beinast gegn barninu í umgengni.

Í tilmælum GREVIO er bent á að sáttameðferð geti aðeins borið árangur í tilfellum þar sem jafningjagrundvöllur er meðal hjóna en slíkt sé sjaldnast raunin þegar ofbeldi hefur verið beitt. Öryggi þolandans og barnsins verði að vera í forgrunni við ákvörðun um hvort það sé barninu fyrir bestu að það foreldri er beitt hafi ofbeldi fari með forsjá og eða umgengni. Bent er á að þolendur ofbeldis verði að geta sagt frá ofbeldinu án þess að gerandi sé viðstaddur til að sýslumaður fái heildræna sýn á aðstæður barnsins. Ofbeldi foreldris gegn öðru foreldri hafi alvarleg áhrif á börn og þroska þeirra og sé tegund andlegs ofbeldis. Báðir foreldrar verði að fá tækifæri til að segja frá ofbeldi og misnotkun til að unnt sé að meta hagsmuni barnsins.

Af þessu tilefni verður sérstaklega skoðað við heildarendurskoðun barnalaga og hjúskaparlaga hvernig best megi tryggja að við ákvörðun og nýtingu forsjár og umgengisréttar sé tekið tillit til ofbeldisbrota sem falla undir gildissvið Ístanbúlsamningsins og að þolendum ofbeldis sé ekki gert að undirgangast sáttameðferð með gerendum sínum.

20. Bann við þvinguðum ófrjósemisaðgerðum

Lýsing aðgerðar: Skoðað verður hvort gera eigi ófrjósemisaðgerðir án upplýsts samþykkis refsinaemar í almennum hegningarlögum.

Markmið aðgerðar: Að tryggja réttarvernd kvenna, einkum fatlaðra kvenna, gegn þvinguðum ófrjósemisaðgerðum.

Ábyrgð: Dómsmálaráðuneyti.

Samstarfsaðilar: Heilbrigðisráðuneyti og félags- og húsnæðismálaráðuneyti.

Tímaáætlun: 2027-2028.

Tilefni: Tilmæli GREVIO nr. 222 um að þvingaðar ófrjósemisaðgerðir séu með skýrum hætti lýstar refsiverðar.

Nánari lýsing á aðgerð: 39. gr. Ístanbúlsamningsins kveður á um bann við þvinguðum ófrjósemisaðgerðum á konum. Samkvæmt ákvæðinu þarf að liggja fyrir upplýst samþykki konu fyrir ófrjósemisaðgerð eða a.m.k. tryggja að hún skilji eðli aðgerðarinnar. Samkvæmt lögum um ófrjósemisaðgerðir nr. 35/2019 er ófrjósemisaðgerð heimil að ósk einstaklings sem náð hefur 18 ára aldri og skal fræða viðkomandi um í hverju aðgerðin er fólgin, áhættu samfara henni og afleiðingar. Sérstakt ákvæði er í lögnum um ófrjósemisaðgerðir á einstaklingum sem eru ólöggráða fyrir æsku sakir. Um brot gegn ákvæðum laganna fer samkvæmt almennum hegningarlögum og lögum um heilbrigðisstarfsmenn, eftir því sem við á, sbr. 8. gr. laganna. Að mati GREVIO skortir á að þvingaðar ófrjósemisaðgerðir séu með skýrum hætti lýstar refsiverðar. Af því tilefni verður skoðað hvort gera skuli breytingar á almennum hegningarlögum þar um.

21. Þyngri refsingar fyrir vændiskaup og nafngreining gerenda

Lýsing aðgerðar: Unnið verður að breytingum á 1. og 2. mgr. 206. gr. almennra hegningarlaga, þannig að lágmarksrefsing fyrir vændiskaup verði fangelsi en ekki sekt. Einnig verður skoðað hvort rétt sé að gera breytingar á lögum um meðferð sakamála nr. 88/2008 til að koma í veg fyrir að vændiskaupendur njóti nafnleyndar þegar mál fara fyrir dómstóla og gæta betur að réttindum seljenda vændis.

Markmið aðgerðar: Að auka fælingarmátt vændiskaupabrota og þar með draga úr eftirspurn eftir vændi og mansali í kynferðislegum tilgangi.

Ábyrgð: Dómsmálaráðuneyti.

Samstarfsaðilar: Ríkislögreglustjóri.

Tímaáætlun: 2026.

Tilefni: Sambærileg breyting á sænskum hegningarlögum frá árinu 2022.

Nánari lýsing á aðgerð: Þrátt fyrir að hin svokallaða sænska leið hafi verið lögfest í almenn hegningarlög árið 2009 hefur ekki tekist að uppræta vændi hér á landi. Vændiskaup varða sektum í framkvæmd nema um ítrekuð brot sé að ræða. Komi vændiskaupamál til kasta dómstóla hafa dómarrar ákveðið á grundvelli laga um meðferð sakamála að þinghald skuli vera lokað. Nafn ákærða er því hvergi birt opinberlega og kaupendur vændis njóta þ.a.l. nafnleyndar. Refsiákvæði 1. og 2. mgr. 206. gr. hegningarlaganna þjóna því illa þeim tilgangi sínum að draga úr eftirspurn eftir vændi. Aðgerðinni er því ætlað að draga frekar úr eftirspurn eftir vændi og vernda þar með konur, einkum þær sem tilheyra jaðarsettum hópum, s.s. konur í neyslu, fyrir ofbeldi. Sams konar breyting var gerð á sænskum hegningarlögum árið 2022 og hefur skilað góðum árangri. Á Jafnréttisþingi 2025 kom fram að sænska leiðin, með áorðnum breytingum, virðist hafa kælandi áhrif á mansal í kynferðislegum tilgangi, þar sem rannsóknir sýni að hlutfall sænskra karla sem keypt hafi vændi sé umtalsvert lægra en í öðrum ríkjum.

Samhliða því að skoðað verður hvort rétt sé að gera breytingar á lögum um meðferð sakamála nr. 88/2008 til að koma í veg fyrir að vændiskaupendur njóti nafnleyndar verður skoðað hvort gera megi breytingar til að treysta betur réttarstöðu seljenda vændis, einkum m.t.t. mála þar sem seljandi auglýsir vændi.

22. Bætur til þolenda afbrota

Lýsing aðgerðar: Að endurskoða reglur um greiðslu bóta úr ríkissjóði til þolenda afbrota með hagsmuni þolenda kynbundins ofbeldis að leiðarljósi.

Markmið aðgerðar: Að tryggja betur rétt þolenda kynbundins ofbeldis til bóta.

Ábyrgð: Dómsmálaráðuneyti.

Samstarfsaðilar: Bótanefnd.

Tímaáætlun: 2027-2028.

Tilefni: Tilmæli GREVIO nr. 14 um innleiðingu Istanbúlsamningsins varðandi kynbundið ofbeldi.

Nánari lýsing á aðgerð: Meginmarkmið laga nr. 69/1995 um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, líkt og fram kemur í greinargerð með frumvarpi því er varð að lögunum, er að ríkissjóður greiði bætur vegna tjóns sem leiðir af ofbeldisbroti eða öðru broti er varðar sjálfsákvörðunarrétt og frjálsræði einstaklings. Í aðdraganda setningar laganna var yfirlýst markmið að stofna til ríkisábyrgðar á bótageiðslum vegna grófra ofbeldisbrota. Af þeirri ástæðu er það svo að bætur vegna tjóns, sem leiðir aðeins af broti á XXV. kafla almennra hegningarlaga, falli ekki undir ákvæði laganna skv. 3. gr. þeirra.

Nú um 30 árum síðar, í ljósi umfangsmikilla samfélagsbreytinga, sem og breytinga á XXV. kafla almennra hegningarlaga, þykir rétt að taka til skoðunar hvort eðlilegt sé að minnka þær kröfur sem gerðar eru til afbrota svo að ríkissjóður ábyrgist greiðslu bóta. Í því samhengi má nefna að brot á ákvæðum XXV. kafla almennra hegningarlaga, svo sem 232. gr., 232. gr. a. og 233. gr., sem varða brot gegn nálgunarbanni og brottvísun af heimili, umsáturseinelti og svo hótunarbrot, sem gjarnan eiga sér stað í nánu sambandi og beinast í ríkari mæli gegn konum, skapa ekki rétt til greiðslu bóta úr ríkissjóði. Af þessu leiðir að hluti þolenda ofbeldis í nánu sambandi er undanskilinn vernd laganna.

Í ljósi ofangreinds verður skoðað hvort breyta eigi reglum laga um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota á þann veg að ríkissjóður greiði einnig miskabætur í tilfellum þar sem brot varðar einungis við ákvæði í XXV. kafla almennra hegningarlaga um ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs þegar slík brot eru framin í nánu sambandi. Þá muni endurskoðunin ná til fleiri ákvæða laga um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, með það fyrir augum að styrkja rétt þolenda til bóta.

23. Stýrihópur um framkvæmd og innleiðingu landsáætlunar um aðgerðir við kynbundnu ofbeldi gegn konum

Lýsing aðgerðar: Skipaður verður stýrihópur sem hefur það hlutverk að fylgja eftir framkvæmd og innleiðingu landsáætlunarinnar og Istanbúlsamningsins. Stýrihópurinn hefur umboð til að gera rökstudda tillögu til dómismálaráðherra um uppfærslu áætlunarinnar.

Markmið aðgerðar: Að tryggja innleiðingu, framkvæmd og samhæfingu landsáætlunarinnar.

Ábyrgð: Dómismálaráðuneyti.

Samstarfsaðilar: Ábyrgðaraðilar aðgerða.

Tímaáætlun: 2026-2030.

Tilefni: Tilmæli GREVIO nr. 50 um innlendan samræmingaraðila sem hafi það hlutverk að tryggja framkvæmd, eftirfylgni og samhæfingu aðgerða gegn kynbundnu ofbeldi og nr. 46 um aukna aðkomu frjálsra félagasamtaka að stefnumótun.

Nánari lýsing á aðgerð: Skipaður verður stýrihópur með fulltrúum allra þeirra ráðuneyta sem bera ábyrgð á framkvæmd landsáætlunarinnar. Stýrihópurinn mun fylgja eftir framkvæmd aðgerða landsáætlunarinnar.

Þar sem landsáætlunin felur í sér innleiðingu Istanbúlsamningsins á Íslandi mun stýrihópurinn gegna hlutverki samræmingaraðila líkt og kveðið er á um í 10. gr. samningsins. Til þess að geta rækt það hlutverk sitt og lagt til viðeigandi aðgerðir hverju sinni hefur stýrihópurinn umboð til að gera rökstudda tillögu til dómismálaráðherra um uppfærslu áætlunarinnar. Í því skyni að tryggja samræmingu mun hópurinn boða helstu aðila sem koma að málaflokknum innan kerfis sem utan, þar með töldum frjálsum félagasamtökum, á fund að jafnaði tvisvar á ári.

24. Framkvæmdasjóður landsáætlunar um aðgerðir við kynbundnu ofbeldi gegn konum

Lýsing aðgerðar: Varið verður 10 millj. kr. árlega, samtals 50 millj. kr. af fjárlögum, til verkefna á vegum ráðuneyta á tímabilinu 2026-2030. Dómismálaráðuneytið auglýsi eftir umsóknum frá ráðuneytum og úthluti styrkjum til innleiðingar aðgerða í landsáætlun þessari að undangengnu faglegu mati ráðuneytisins. Reglur sjóðsins og umsóknareyðublöð verði kynnt ráðuneytum í byrjun árs 2026.

Markmið aðgerðar: Að efla og styðja við innleiðingu aðgerða í landsáætlun þessari til viðbótar við það sem gert er á fjárlögum og í styrkjum til aðila og félagasamtaka.

Ábyrgð: Dómsmálaráðuneyti.

Samstarfsaðilar: Ábyrgðaraðilar aðgerða.

Tímaáætlun: 2026-2030.

Tílefni: Tilmæli GREVIO nr. 41 um að tryggja fjármögnun aðgerða gegn kynbundnu ofbeldi.

25. Mælaborð um framfylgd aðgerða í landsáætluninni

Lýsing aðgerðar: Komið verði upp mælaborði á vef Stjórnarráðs Íslands, með yfirliti yfir aðgerðir landsáætlunarinnar og stöðu þeirra. Mælaborðið verði uppfært með reglubundnum hætti.

Markmið aðgerðar: Að tryggja yfirsýn yfir stöðu aðgerða í landsáætluninni og auðvelda eftirfylgni.

Ábyrgð: Dómsmálaráðuneyti.

Samstarfsaðilar: Ábyrgðaraðilar aðgerða.

Tímaáætlun: 2026-2030.

Tílefni: Tilmæli GREVIO nr. 50 um innlendan samræmingaraðila sem hafi það hlutverk að tryggja framkvæmd, eftirfylgni og samhæfingu aðgerða gegn kynbundnu ofbeldi.

